

Rýmingaráætlun Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Ef upp kemur hættuástand og rýma þarf skólann er unnið samkvæmt rýmingaráætlun skólans. Nauðsynlegt er að fara yfir rýmingaráætlun og æfa rýmingu einu sinni á ári þannig að viðbrögðin verði sem eðlilegust ef hættu ber að. Kynna þarf starfsmönnum rýmingaráætlun í byrjun skólaárs og hafa hana aðgengilega í handbók starfsmanna. Ekki er hægt að miðstýra ef hættu ber að garði og verður því hver og einn starfsmaður að vita hvað hann á að gera.

Rýmingaræfing.

Útskýra þarf fyrir nemendum tilgang æfingarinnar, sem er:

- Þekkja viðvörunarbjöllu og vera meðvituð um aukið öryggi.
- Þekkja bestu leiðina út úr skólanum og vita hvert á að fara þegar út er komið.
- Kunna rétt viðbrögð og koma í veg fyrir óhöpp.

Nauðsynlegt er að fara yfir með nemendum ef bjalla fer í gang einu sinni, þá gæti verið um bilun að ræða og ekki er farið út fyrr en um fulla hringingu er að ræða. Ef þarf að rýma byggingu stýra starfsmenn útgöngu sinna nemenda, safnast saman á fyrirfram ákveðnum stað og fer kennari yfir manntal síns hóps. Við æfingu er hægt að leyfa nemendum að fara í yfirhafnir og skó ef veður eru válynd. Gott er að minna nemendur á að æfingu þarf að taka alvarlega.

Rýming.

Ef upp koma boð um neyðarástand fara stjórnendur og húsvörður athuga hvar neyðarboð á sér stað, stöðva bjöllu og kanna ástandið. Ef um raunverulega um neyð er að ræða er bjalla aftur sett af stað og ber þá að rýma bygginguna. Þegar út er komið kannar kennari sinn hóp og tryggir að allir séu á sínum samkomustað. Ef nemandi vantar eru stjórnendur látnir vita svo hægt sé að leita uppi nemanda tafarlaust. Nauðsynlegt er að halda sig á sínu svæði þar til hættuástand er afstaðið. Hver og einn starfsmaður þarf að leggjast á eitt til að allt gangi hratt og vel fyrir sig.

Hlutverk starfsfólks:

- Kennari ber ábyrgð á sínum hópi.
- Ritara fara út með tengslamöppu og hringja í slökkvilið ef um eld er að ræða.
- Stuðningsfulltrúar og húsvörður aðstoða nemendur og halda hurðum og gönguleiðum opnum, athuga salerni.
- Stjórnendur eru í samskiptum við neyðarstarfsmenn þegar þeir mæta t.d slökkviliðsmenn, eru með yfirsýn og sjá um upplýsingar um ástand og stöðu.

Samkomustaðir:

Skóli Eyrarbakki

Nemendur mæta milli skólahúsa við körfuboltavöll. 7. bekkur næst húsi 6 svo 8. bekkur, 9. bekkur og 10. bekkur við hlið gamla húsnæðis.

Báðir Skólarnir á Stokkseyri

Nemendur mæta við körfuboltavöllinn. 1.b næst fótboltavellinum og svo koll af kolli í átt bílastæði við sundlaug.

Íþróttahús

Nemendur safnast á bílaplan fyrir framan Stað.

Smíðastofa

Nemendur safnast saman á plani við stofuna og ganga yfir í skóla ásamt kennara.

Endurskoðuð áætlun október 2023